

Sléttuhlíð umsókn um lóð fyrir býflugur

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : kha@simnet.is
Heiti : Sléttuhlíð umsókn um lóð fyrir býflugur
Málsnúmer : 1109127
Málsaðili : Helgi Laxdal
Skráð dags : 18.04.2013 13:54:21
Höfundur : kha@simnet.is

Viðhengi [sléttuhlíð.JPG](#)[sléttuhlíð.JPG](#)
[IMG_1433.JPG](#)[IMG_1433.JPG](#)
[IMG_1432.JPG](#)[IMG_1432.JPG](#)
[IMG_1431.JPG](#)[IMG_1431.JPG](#)
[By 008.jpg](#)[By 008.jpg](#)

Sæl Berglind

Ég vísa í samtal okkar miðvikudaginn 17/4 sl. varðandi býflugnabú í Sléttuhlíðinni, bréfs byggingafulltrúans í Hafnarfirði dags. 15.apríl sl. varðandi svæði fyrir býflugur og fyrra bréf mitt dagssett 9.9 2011 um sama efni.

Með bréfi þessu óska ég eftir að skipulagsyfirkvöld í Hafnarfirði endurskoði afgreiðslu sína á staðsetningu býflugnabúanna í Sléttuhlíð með tillit til neðangreindra athugasemda og óska hér með eftir að fá að vera með býflugnabúin áfram á þeim stað sem þau eru í dag með því að ég setji lága girðingu í kringum búin og merkingar til að fyrirbyggja hugsanlegt áreiti af þeim. Það skal tekið fram að það eru engin dæmi um að þær áreiti fólk eða skepnur ef þær eru láttnar afskiptalausar.

Athugasemdir

1. Afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs þann 10. apríl leysir ekki vanda þeirra sem eru hræddir við býflugur eða hafa ofnæmi fyrir þeim. Býflugur geta flogið í um 7 km radíus eftir blómum og tilfærsla búanna um 20-30 metra breytir engu fyrir þá sem eru hræddir við þær eða hafa ofnæmi. Þeir sem eru með ofnæmi geta forðast stungu með því að fara ekki í búin, einnig væri gott fyrir þá að hafa á sér að staðaldri yfir sumarið ofnæmispinna sem fæst í apótekum til að koma í veg fyrir ofnæmiskast ef þeir verða stungir t.d. af geitungum. Býflugur fara þar sem blóm og frjó eru til staðar og geta þess vegna verið í garðinum hjá viðkomandi þrátt fyrir að búin séu staðsett í 7 km fjarlægð. Ég er sjálf með bú í garðinum mínum í Garðabæ og ég hef fengið símtal frá ánægðum garðeiganda í Hafnarfirði sem sagði að þær væru í þyrnirósunum sínum.
2. Ástæða þess að þessi staðsetning í Sléttuhlíðinni hentar búunum er að þarna er mjög sólríkt frá morgni til kvölds og þær þurfa sól. Við bústaðinn okkar (F2) er sólin bara hluta dags þar sem stór grenitré skyggja á allt undirlendið sem er við bústaðinn. Erfitt er að hafa þær uppí hlíðinni þar sem þær þurfa að geta flogið óhindrað út á morgnanna en í garðinum eru stór gömul tré sem myndu hindra flug þeirra. Einnig er erfitt að sinna þeim í miklum bratta en yfir sumartímann þarf að líta eftir þeim á viku fresti.
3. Geitungar eru einnig í Sléttuhlíð og eru trúlega einhverjir hræddir við þá, einkum þar sem þeir venja komur sínar á þá staði sem sykur er að finna einsog á matarborðum. Býflugur fara einungis í blóm eftir sykri og aldrei að matarborði eða sækja að fólki á nokkrum hátt nema farið sé ofan í búin þeirra þar sem þær hafa ungvíði. Hræðsla ein og sér verður að yfirvinna á annan hátt en að útrýma skordýrum í umhverfinu þar sem skordýr hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna í lífskeðju okkar. Til gamans má geta að geitungar éta blaðlys af trjáblöðum og ýmis sníkjudýr og þar sem þeir eru óáreittir þá þarf ekki að eitra.
4. Með því að setja lágresta girðingu utanum búin og merkinunni "óviðkomandi bannaður aðgangur", ca 2 -3 metra frá búunum má fyrirbyggja það að óvart sé farið að búunum fyrir þá sem ekki vita hvað er í kössunum.

Með von um skilning á mikilvægi býflugna og jákvæða afgreiðslu,

Katrín H. Árnadóttir

Helgi Laxdal

Sími 896-4480

-----Original Message-----

From: Katrín H Árnadóttir [<mailto:land@simnet.is>]

Sent: 18. apríl 2013 11:03

To: kha@simnet.is

Subject: Fwd: Sléttuhlíð umsókn um lóð fyrir býflugur

----- Áframsent skeyti -----

Frá: land@simnet.is

Til: "Berglind Guðmundsdóttir"

Sent: Föstudagur, 9. September, 2011 13:50:45

Efni: Sléttuhlíð umsókn um lóð fyrir býflugur

Sæl Berlind.

Ég vísa í samtal okkar í lok ágúst vegna lóðar fyrir býflugur í Sléttuhlíð.

Við erum með lóð nr. F-2 og höfum áhuga á að vera með nokkur býflugnabú í Sléttuhlíðinni (6-7 bú). Ég hef verið með 2-5 bú í garðinum hjá mér í Garðabæ sl. 2 sumur og hefur það gengið vel. Hins vegar hef ég áhuga á að fjölga búunum og vera með um 6-7 bú að staðaldri. Það eru of mörg bú til að vera með í heimagarði. Einnig hef ég áhuga á að vera með búin þar sem ekki er verið að sprauta gróðurinn með skordýraeitri. Ég hef áhuga á að fá að setja niður búin á opna svæðinu sem er m.a. fyrir neðan lóð F-2 á deiliskipulaginu. Á meðfylgjandi deiliskipulagsmynd hef ég merkt X með bláum lit við það svæði sem ég hef áhuga á. Myndir af búunum er einnig meðfylgjandi. Búin þurfa að standa á planka einsog sést á myndunum og einnig þurfa þau vetrarskjól. Ég mun lágmarka alla umbúnað og mannvirki í kringum búin einsog kostur er. Þá mun ég mála viðbótarbú í lit sem fellur að náttúrunni (t.d. grænum lit eða gráum). Vetrarskýli hef ég hugsað mér að útbúa á lóðinni við bústaðinn (F-2) og flytja búin þangað yfir vetratímamann. Mögulega þyrfti að setja smá girðingu utanum búin til að byrja með og skilti um það fólk fari ekki innfyrrir girðinguna. Svæðið sem um ræðir er ekki með göngustígum og er frekar hæðótt og hefur ekki verið nein umferð af fólki um þetta svæði undanfarin ár, eða eins lengi og ég hef verið í Sléttuhlíðinni (frá 1998)

Býflugurnar sem fluttar hafa verið hingað inn undanfarin ár eru frá Álandseyjum og eru mjög gæfar. Þær eru ekki að angra fólk nema farið sé ofaní búin þeirra. Þær fara ekki að matarborði heldur halda sig eingöngu við blómin og hafa engin óþægindi verið af þeim í garðinum hjá mér sl. 2 ár.

Mikilvægi býflugna fyrir líffræðilegan fjölbreytileika er mjög mikilvægt og sjá þær á heimsvísu um stóra hluta frævunnar plantna Ein býfluga heimsækir á milli 50-100 blóm í einni ferð. Í einu búu eru um 10.000 býflugur. Gera má ráð fyrir að gróðurinn í Sléttuhlíðinni muni auðgast verulega með veru býflugnanna þar.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið þá samband við undirrita símleiðis eða í gegnum tölvupóst.

Með von um jákvæðar undirtektir

Katrín H. Árnadóttir

Helgi Laxdal

sími 896-4480

Innihald þessa tölvupósts gæti innihaldið trúnaðarmál og er aðeins ætlað (þeim viðtakanda) sem hann er áritaður og öðrum þeim er hann heimilar að skoða hann. Ef mistök verða við sendingu póstsins ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita og eyða póstinum strax.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

If you accidentally receive this mail, please inform the sender and delete the mail immediately.

----- Upprunalegt skeyti -----

Frá: "Berglind Guðmundsdóttir"

Til: "kha@simnet.is"

Sent: Miðvikudagur, 31. ágúst, 2011 11:43:19 GMT +00:00 Monrovia

Efni: FW: sléttuhlíð-deiliskipulag nýir upprættir

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt fíla

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður

Sími 585 5619 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is

From: Björk Guðmundsdóttir [<mailto:bjork@forma.is>]

Sent: 12. júní 2007 11:12

To: Berglind Guðmundsdóttir

Subject: RE: sléttuhlíð-deiliskipulag nýir upprættir

Fyrsti hluti....

Með kveðju,

Björk Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt BLA FÍLA/ skipulagshönnuður MSc

f o r m a ehf.

Klapparstíg 25-27 101 Reykjavík www.forma.is

Sími: 587 5020 Gsm: 822 2251 bjork@forma.is

From: Berglind Guðmundsdóttir [<mailto:berglindg@hafnarfjordur.is>]
Sent: 11. júní 2007 15:45
To: Björk Guðmundsdóttir
Subject: RE: sléttuhlíð

Við verðum að láta það duga..!

kv.

Berglind

From: Björk Guðmundsdóttir [<mailto:bjork@forma.is>]
Sent: 11. júní 2007 14:50
To: Berglind Guðmundsdóttir
Subject: RE: sléttuhlíð

Ég bara næ því ekki, þarf að breyta gögnum sem eiga að fara í útboð í dag-seinnipartin fyrir Hafnarfjarðarbæ.

En strax í fyrramálið fer ég í þetta og ætti að vera tilbúið f. hádegi.

Með kveðju,

Björk Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt BLA FÍLA/ skipulagshönnuður MSc

f o r m a ehf.

Klapparstíg 25-27 101 Reykjavík www.forma.is

Sími: 587 5020 Gsm: 822 2251 bjork@forma.is

From: Berglind Guðmundsdóttir [<mailto:berglindg@hafnarfjordur.is>]

Sent: 11. júní 2007 14:21

To: Björk Guðmundsdóttir

Subject: sléttuhlíð

Sæl,

Er eitthvað að fréttu af nýjum uppdrætti?? Bjarki vill senda hann út til bæjarráðs sem fundar á morgun!

Alltaf gaman hvað hlutirnir ganga hratt fyrir sig hérna í Firðinum.

kv.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt

Skipulags- og byggingarsvið

Strandgötu 8 - 10

220 Hafnarfirði

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að gæta fyllsta

trúnaðar, hvorki lesa né skrá neinar upplýsingar eða notfæra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér (Sbr. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003). Vinsamlegast eyðið póstinum og öllum viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá neinar upplýsingar eða notfæra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér (Sbr. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003). Vinsamlegast eyðið póstinum og öllum viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. FYRIRVARI / DISCLAIMER